

Ársskýrsla Landgræðslusjóðs 2021

Góðir félagar

Enn eitt sumarið er liðið og margir lagt mikið af mörkum til skógræktar. Sumrin eru misskipt gæðum veðurs og því árangur mjög misjafn eftir landshlutum. Félögin voru 21 sem fengu úthlutun í ár, 25 sóttu um, sumir tvisvar, en aðeins er veittur einn styrkur á félag. Stjórnin setti reglur í vor um að ef félög eru ekki búin að skila inn skýrslu fyrir lok mars dettur styrkveiting ársins niður og félög verða að sækja aftur um í sjóðinn.

Stjórn

Stjórnina skipa Þuríður Yngvadóttir (formaður), Jónatan Garðarsson, formaður Skógræktarfélag Íslands, Þröstur Eysteinnsson skógræktarstjóri (varaformaður), Árni Bragason landgræðslustjóri (ritari) og Lydia Rafnsdóttir kosin af aðalfundi Skógræktarfélag Íslands til eins árs, Jens Baldursson til vara. Stjórnarfundir voru þrjár en ýmis samskipti hafa verið á netinu, auk nokkurra funda sem við Lydia sóttum með vörslukonu fjármagns okkar í Arion banka.

Ársreikningur

Helstu lykiltölur úr ársreikningi fyrir 2020 eru þær að rekstrartekjur voru 268.000 kr., fjármuna- og fjármagnsgjöld voru 18.785.883 kr. og rekstrargjöld voru 3.839.954 kr. Afkoma fyrir úthlutun var 15.213.929 kr. Heimilt er að úthluta að hámarki 90% þ.e. 13.162.536 kr. Meðalstaða vaxtaberandi eigna á árinu var 364.080.478 kr. Ávöxtunin 9,61% verðbætur 3,69% og raunávöxtun 5,92%. Ráðstöfunarþáttur 13.434.570 kr. Áfram var ákveðið að geyma um 20% til erfiðari tíma.

Tilkynning var send á alla formenn skógræktarfélaganna, af þeim 21 sem hlutu loforð um styrkveitingu eru ekki nema átta búin með verkin enda oft óvænt vandamál sem koma upp. Þið munið bara að vera búin í lok mars. Við skulum vona að haustið verði skaplegra, svona hret sem nú er tekur oft hratt upp. Við Lydia heimsóttum okkar konu í bankanum um mánaðarmótin og var útlitið þokkalegt fyrir ávöxtun á þessu ári, en það getur margt breyst á síðustu mánuðum ársins og því ekki gott að lofa góðu ári alla vega strax.

Fræbankinn

Þar er allt óhreyft, 6.236.781 kr., en í fyrra var ákveðið að nota fjármagnið til að ná í furufræ í fræbankann í Taraldsøy í Noregi, en það hefur ekkert orðið úr því vegna ástandsins í heiminum.

Hjálmarssjóðnum var lokað um áramótin.

Jarðir

Ingunnarstaðir

Á Ingunnarstöðum í Brynjudal býr fullorðin kona. Óskaði hún eftir því að fá keyptan hlut sjóðsins í húsinu en hann er 75%. Einnig óskuðu hún og systkini hennar eftir að fá leigðan landskika undir háflklárað íbúðarhús á jörðinni. Konan og þrjú systkini hennar eiga lóðina undir gamla húsinu sem er um 1 ha og nokkur útihús á jörðinni. Sjóðurinn á hluta eða að öllu leyti eldgömul og nær ónýt útihús. Ýmist með systkinunum, með konunni eða bara einn. Kvörtun kom frá Þjóðskrá um að skráning á jörðinni væri ekki samkvæmt nýjustu reglum. Samþykkt var á stjórnarfundi að selja konunni hlutinn og reyna að koma skikk á þetta flókna eignarhald húsa og lóðar og leigja þeim hálfan hektara undir íbúðarhúsið. Erfitt var að finna mann til að vinna verkið en við vorum heppin að finna mann sem var nýbúinn að leysa svipað mál og hefur hann haft þetta í vinnslu. Búið er að GPS mæla alla eignarhlutana og senda til Kjósarhrepps en þaðan fer málið til Þjóðskrár, þá er hægt að fara að selja. Málið er mjög flókið og seinlegt en lýkur vonandi á næsta ári.

Geirþjófsfjörður

Fyrir ári síðan lýsti Umhverfissráðuneytið miklum áhuga á að gera Þjóðgarð á Vestfjörðum og lenti jörðin okkar Langibotn í Geirþjófsfirði innan þess ramma. Ég var skipuð í nefnd ásamt fólki frá Umhverfissráðuneytinu, ýmsum umhverfisstofnunum og ráðamönnum landsvæðisins fyrir vestan sem átti að taka undir þjóðgarð. Fundað var stíft í allan vetur og var mitt hlutverk að vernda eignir sjóðsins sem ég vona að ég hafi gert, en svo þegar að átti að undirrita varð allt stopp. Vestfirðingar vildu meira rafmagn, stækkun Mjólkárveikjunnar og stærra lón. Þetta vildu menn ekki í þjóðgarðinn svo allt er stopp. Stjórnin hefur ákveðið að reyna að selja Langibotn.

Lokaorð

Í september fór ég með starfsfólki Skógræktarfélag Íslands í skoðunarferð um Snæfellsnesið. Hittum við forsvarsmenn allra félaganna og sýndu þau okkur verkefni sín. Sem formaður sjóðsins fannst mér afskaplega ánægjulegt að sjá hvað peningurinn frá Landgræðslusjóðnum hefur hjálpað mikið við skógræktina og umsýslu hjá félögunum. Þetta gladdi mig mjög og vonandi getum við haldið áfram á þessari braut til styrktar skógræktar í landinu.

Takk fyrir

Þuríður Yngvadóttir formaður